

16. desember 2019

Landsnet hf.
Gylfaflöt 9
112 Reykjavík

Greinargerð um útgáfu starfsleyfis fyrir tengivirki á Hryggstekk, Fljótsdalshéraði.

Umsókn um endurnýjun starfsleyfis fyrir tengivirki á Hryggstekk, Fljótsdalshéraði barst 7.6.2019. Umsækjandi er Landsnet hf. kt. 580804-2410.

Um er að ræða endurnýjun á starfsleyfi. Engar breytingar hafa orðið á staðsetningu eða starfsemi fyrirtækisins.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins hefur verið í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Drög að starfsleyfi voru útbúin og auglýst á heimasíðu HAUST þann 15. október sl. og veittur fjögurra vikna frestur til athugasemda. Frestur til að gera athugasemdir rann út þann 13. nóvember 2019.

Þann 29. október sl. barst bréf frá Umhverfis- og framkvæmdanefnd Fljótsdalshéraðs en þar var tilkynnt að ekki væru gerðar athugasemdir við starfsleyfisdrög Landsnets hf.

Afstaða útgefanda starfsleyfis til athugasemda sem bárust

Þann 12. nóvember sl. bárust athugasemdir/umsögn frá umsóknaraðila. Ein orðalagsbreyting var gerð á auglýstu starfsleyfi, þ.e. „*Aðveitustöð*“ var breytt í „*Tengivirki*“.

Starfsleyfi Landnets hf. fyrir tengivirki á Hryggstekk í Fljótsdalshéraði er hér með gefið út með fyrirnefndri breytingu.

Virðingarfyllst, f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svanbjörnsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi